

**Símafundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
þriðjudaginn 18. desember 2012, kl. 13.30**

Á fundinn voru eftirtaldir mættir: Björg Baldursdóttir, Guðný Kjartansdóttir, Adolf H. Berndsen, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Úthlutunarreglur verkefnastyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja fyrir árið 2013

Farið var yfir drög að úthlutunarreglum beggja styrkjanna sem lágu fyrir fundinum og þær samþykktar með breytingum.

2. Auglýsingar verkefnastyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja fyrir árið 2013

Ekki voru gerðar athugasemdir við drög að þeim auglýsingum sem lágu fyrir fundinum.

Dreifibréf verður borið í hvert hús á Norðurlandi vestra í byrjun janúar 2013, auk þess sem auglýsingar munu birtast í sjónvarpsvísnum landshlutans og e.t.v. víðar.

3. Önnur mál

Rætt um drög að úttekt á menningarsamningum landshlutanna sem send höfðu verið frá ráðuneyti mennta og menningar. Þar var óskað eftir athugasemdum við drögin fyrir 29. des. nk. Samþykkt að óska eftir svarfresti fram yfir sameiginlegan fund formanna menningarráðanna sem verður 30. jan. 2013.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14.00.
Ingibergur Guðmundsson